

Nr. 18-058 S 037 Arnar HU 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2265
Smiðaður: Noregi 1986, stál
Stærð: 1063 brl. 1854 bt.
Mesta lengd: 59,97 m *Skráð lengd*: 54,04 m
Breidd: 13 m *Dýpt*: 8,12 m
Vél: Wärtsilä 2998 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 26



Arnar©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júní 2017 var Arnar HU 1 á togveiðum í Seyðisfjarðardýpi. Veður: A 10-12 m/sek. Ölduhæð: 1-2 m.

Bakborðstogvírinn hafði slitnað í hífingu og skipverjar tóku því trollið inn á stjórnborðstogvírnum. Skipverji var að lása úr leiðara á bb. grandaraspili, sem notaður hafði verið með stb. grandaraspilinu til að hífa inn grandarann með vasakeðju. Þegar skipverjinn var með höndina á lásnum var híft í grandarann með þeim afleiðingum að hægri hendi skipverjans varð á milli og klemmdist og hann kastaðist út í síðu við átakið. Siglt var með slasaða til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að vaktformaðurinn stjórnaði spilunum frá spilhúsi á bátapilfari. Hann sá ekki til slasaða en kvaðst fá merki frá öðrum skipverja um stjórnina á spilinu. Fram kom hjá þeim skipverja að hann hefði ekki gefið merki um að það mætti hífa;
- að tveir aðrir skipverjar voru við lengjuna á trollinu og var vaktformaðurinn einnig að aðstoða þá með spilvinnu;
- að myndavél var við grandaraspilin sem sýndi umhverfi þess og önnur sem sýndi aftur þilfarið. Slasaði var staðsettur á milli þeirra og sást því ekki í þeim;
- að ekki var samskiptakerfi í hjálmum þegar atvikið átti sér stað. Að sögn skipstjóra er nú búið að fá slíka hjálma fyrir alla þilfarsmennina.

Nefndarálit:

Orsök slyssins voru mistök við hífingu.